



## 416. Stjórnarfundur haldinn 19. sept. 2013 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Guðjón Axelsson (GA), Sveinn Adolfsson (SA). Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) Fjarverandi.

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ með kjörbréfi á 48. Sambandsþing UMFÍ ásamt fyrra þingboði og fulltrúafjölda. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/ umsóknar í Íþróttasjóð Ríkisins og fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ.

Umsóknarfrestur til 1. október. **Framkvæmdastjóra falið að sækja um v/skyndihjálparnámskeiðs og félagsheimilis Keflavíkur.**

Tölvupóstur frá UMFÍ formanni kjörnefndar v/tilkynningar á framboði til formanns og stjórnar UMFÍ. Frestur til að tilkynna framboð til formanns og stjórnar er til 1. október. **Móttekið.**

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Þing UMFÍ.

Þing UMFÍ verður haldið 12. – 13. október 2013 í Stykkishólmi. Keflavík á tíu þingfulltrúa. Einn stjórnarmaður á tók á að mæta. **Framkvæmdastjóra falið að tala við formenn deilda og félagsmenn um að vera þingfulltrúi félagsins á þinginu.**

### 5. Jólabað Keflavíkur.

Umræður um viðmælendur í opnuviðtali. Ákveðið að tala við bræðurna Jón og Steinar Jóhannssyni. Fá Ragnar Örn Pétursson til að taka viðtalið. **Framkvæmdastjóra falið málið.**

### 6. Önnur mál.

Búið að kæra sundráð ÍRB til dómstóls ÍSÍ.

Framkvæmdastóri óskar eftir heimild til að kaupa örbylgjuofn í eldhús félagsheimilisins. **Samþykkt.**

Framtíðarnefnd búið að funda með fulltrúum bæjarins. Deildir eru að verða búnar að senda inn tillögur til nefndarinnar.

Formenn og framkvæmdastjórar UMSK og HSK hafa boðað til fundar með formönnum og framkvæmdastjórum aðildar félaga UMFÍ á föstudaginn 20. sept. **EH mætir ekki.**

Skrifað var undir styrktarsamninga Bláa Lónsins og deilda Keflavíkur föstudaginn 13. september.

Aðalstjórn þakkar Bláa Lóninu fyrir styrkina. Flott framtak hjá þeim.

Lokahóf barna- og unglíngaráðs knattspyrnudeildar Keflavíkur verður 21. september kl. 11:00 í íþróttahúsinu við Sunnubraut. **Stjórnarmenn hvattir til að mæta.**

Blaðaskrif Jóhannesar Sævars Kristbergssonar í VF. **Ákveðið að framkvæmdastjóri skrifi bréf til Jóhanns þar sem fram komi að stefna Keflavíkur er sú að félagið standi ekki í blaðskrifum um einstök mál innan félagsins, enda gildir fullur trúnaður í þeim málum. Innan félagsins er tekið á þeim málum sem kunna að koma upp á faglegan hátt. Vilji Jóhann fá frekari upplýsingar um hvernig málum er almennt háttað hjá félaginu þá er hann boðinn velkominn á skrifstofu félagsins til að fá þær upplýsingar.**

Aðalstjórn fagnar árangri fjórða flokks karla í knattspyrnu en þeir urðu Íslandsmeistarar. Guðni Kjartansson afhenti verðlaunin, en Guðni varð Íslandsmeistari með fjórða flokki ÍBK 1959.

EH sat ársfund 1X2 en hann hefur verið tilnefndur sem varamaður í stjórn Íslenskra getrauna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Fundinn ritaði SG

